

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999
(réttur til sambúðar á stofnunum).

Flm.: Svandís Svavarsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson,
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Oddný G. Harðardóttir,
Guðjón S. Brjánnson, Lilja Alfreðsdóttir, Elsa Lára Arnardóttir,
Birgitta Jónsdóttir, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilismaður sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða skal eiga kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn þar og getur maki eða sambúðarmaki dvalið á stofnuninni í allt að 8 vikur eftir fráfall heimilismanns. Á þeim tíma skal meta hvort forsendur eru fyrir áframhaldandi dvöl á stofnuninni og fellur réttur til dvalar niður nema færni- og heilsufarsnefnd skv. 15. gr. telji forsendur fyrir áframhaldandi dvöl og öðlast þá viðkomandi sjálfstæðan rétt sem heimilismaður á stofnun fyrir aldraða.

Maki eða sambúðarmaki greiðir sanngjarna leigu vegna dvalar sinnar á stofnun fyrir aldr-
aða og þann kostnað sem af dvöl hans hlýst og hefur, eftir atvikum, aðgang að þeirri þjónustu
sem veitt er á heimilinu gegn gjaldi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um dvöl maka og sambúðarmaka á stofnun fyrir
aldraða, svo sem um leigu, greiðslufyrirkomulag, réttindi, tryggingar, kostnaðarþátttöku
ríkisins o.fl.

2. gr.

2. másl. 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Enginn getur dvalið til langframa í hjúkrunar-
rými eða dvalarrými án undangengins mats færni- og heilsu- og heilsu- og heilsu- og heilsu-
nefndar á þörf fyrir slíka
dvöl nema maki eða sambúðarmaki heimilismanns skv. 14. gr.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2019.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hjónum, og sambúðarfólki, rétt til að vera áfram
samvistum þótt annað þeirra þurfi vegna skertrar heilsu eða færni að dveljast til langframa
á stofnun fyrir aldraða. Sá réttur er ekki tryggður nú og því geta öldruð hjón eða sambýlisfólk
þurft að slíta samvistum gegn vilja sínum þegar svo er komið fyrir öðru þeirra að langtíma-
dvöl á stofnun fyrir aldraða er nauðsynleg. Aðskilnaðurinn getur reynst þeim og aðstand-
endum þungbær og því mikið hagsmunamál aldraðra að tryggja rétt sinn til áframhaldandi
sambúðar. Slíkar ráðstafanir samræmast einnig sjónarmiðum um eflingu sjálfstæðis og sjálfs-
ákvörðunarréttar eldri borgara.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 145. löggjafarþingi (352. mál) af Svandísi Svavarsdóttur og tveimur þingmönnum öðrum úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Málið gekk til velferðarnefndar sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess til 102 aðila með þeim árangri að 11 umsagnir bárust um efni þingmálsins.

Alþýðusamband Íslands lýsti stuðningi við frumvarpið, einnig BSRB, Landssamband eldri borgara, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands sem benti á að mikilvægt væri að tryggja bæði rétt þeirra sem kjósa að vera samvistum við maka á hjúkrunarheimili og hinna sem ekki vilja taka þann kost þótt hann væri í boði. Í umsögnum Öldrunarráðs Íslands, Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Sveitarfélagsins Árborgar, bæjarráðs Mosfellsbæjar og Ólafs Þórs Gunnarssonar, lyf- og öldrunarlæknis, komu fram ýmsar ábendingar við efni frumvarpsins sem leitast hefur verið við að taka tillit til þegar það var gert úr garði vegna endurflutnings á 146. löggjafarþingi.

Efnislegar athugasemdir við frumvarpið lutu einkum að greiðslum vegna búsetu maka á stofnun fyrir aldraða, stöðu maka við andlát heimilismanns á stofnun fyrir aldraða og breytingu á 15. gr. laga nr. 125/1999 um skilyrði fyrir dvöl á stofnun fyrir aldraða. Enginn þeirra aðila sem sendu inn ábendingar um efni frumvarpsins lýsti sig andvígán því grundvallarsjónarmiði að æskilegt væri að hjón og sambúðarfólk gæti haldið áfram sambúð sinni þrátt fyrir dvöl annars aðilans á stofnun fyrir aldraða en bent var á ýmis atriði sem stæðu í vegi fyrir þeirri tilhögun, svo sem mikinn skort á dvalarrými fyrir aldraða, langa biðlista eftir dvöl og rekstrarvanda stofnana fyrir aldraða.

Undir það skal tekið að erfið staða margra stofnana fyrir aldraða er ærið áhyggjuefni og álag á starfslið þeirra er mikið. En sú staða mála getur ekki orðið að átyllu fyrir því að láta hjá líða að virða mannréttindi og sjálfsákvörðunarrétt aldraðra eða láta undir höfuð leggjast að rækja skyldur samfélagsins við aldraða yfirleitt. Þvert á móti hlýtur það að vera keppikefli að allar ráðstafanir í þágu aldraðra byggist af virðingu við þá og rétt þeirra til manlegrar reisnar.

Gagnrýni á gildandi tilhögun varð til þess að vorið 2013 undirrituðu þáverandi velferðar ráðherra og forstjóri Hrafnistu samning um tilraunaverkefni til tveggja ára sem fól í sér að hjón gætu búið saman á hjúkrunarheimili Hrafnistu þótt einungis annað þeirra þyrfti þess af heilsufarsástæðum. Í lokaskýrslu verkefnisstjóra og forstöðumanns á Hrafnistu um verkefnið frá 26. janúar 2015 sagði að það væri „samdóma álit allra sem komu að þessu tilraunaverkefni á Hrafnistu Kópavogi að verkefnið hafi ekki gengið sem skyldi“. Lagt var til að verkefninu yrði ekki haldið áfram með þeim hætti sem stofnað var til. Þess í stað yrði maka gefinn kostur á nábyli við heimilismann á hjúkrunarheimili og tíðum heimsóknum en sá kostur hefur verið í boði um nokkurt skeið. Gera verður þann fyrirvara við ályktanirnar að þær byggðust aðeins á sambúð tveggja heimilismanna og maka þeirra, annars vegar í þrjár vikur og hins vegar í ellefu mánuði, auk þess sem skýrslan lýsir einungis sjónarmiðum starfsmanna og stjórnmenda á Hrafnistu en ekki viðhorfum heimilismanna eða maka þeirra.

Kannaður var réttur para til sambúðar á stofnunum fyrir aldraða í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Er slíkur réttur við lýði í þessum löndum en misjafnlega tryggður og útfærður. Í Danmörku er réttur eldri borgara til sambúðar við maka í þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara tryggður í lögum um félagslegt íbúðarhúsnæði (lov om almene boliger m.v.) og í lögum um félagsþjónustu (lov om social service).

Í Noregi annast sveitarfélög þjónustu við aldraða samkvæmt lögum um heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga (lov om kommunale helse- og omsorgstjenester m.m.). Þar er sambúðarréttur ekki lögfestur en sum sveitarfélög, þar á meðal Ósló, hafa skuldbundið sig til að gefa hjónum og sambúðarfólki kost á að búa saman á hjúkrunarheimilum þótt einungis

hafi verið úrskurðað um rétt annars þeirra til langtímadvalar þar. Hefur með þessu verið komið til móts við kröfur borgaranna um að hætt verði að þvinga öldruð pör til aðskilnaðar þegar annar aðilinn vistast á hjúkrunarheimili.

Með breytingu á lögum um félagsþjónustu (socialtjänstlag) sem gekk í gildi 1. nóvember 2012 var eldri borgurum í Svíþjóð sem búa á hjúkrunarheimilum eða í öðrum sérstökum búsetuúrræðum fyrir aldraða og sjúka einstaklinga veittur réttur til sambúðar við maka þar. Lagabreytingunni var m.a. ætlað að auka sjálfsákvörðunarrétt og búsetuval aldraðra, bæta lífsgæði þeirra og draga úr þörf fyrir umönnun starfsmanna.¹

Réttur aldraðra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til sambúðar við maka eða lífsförunaut á stofnun fyrir aldraða byggist á þeirri grunnforsendu að með því aukist réttindi og lífsgæði aldraðra og eru færð fyrir því ýmis rök. Sömu sjónarmið og urðu til þess að öldruðum pörum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur verið veittur réttur til sambúðar á stofnunum fyrir aldr-
aða hljóta einnig að eiga við héraendis.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda fólks héraendis sem ætla má að nýtti sér rétt til sambúðar. Úttekt í Svíþjóð leiddi í ljós að fáir sóttu um sambúð á grundvelli fyrrnefndrar breytingar á þarlandum lögum um félagsþjónustu fyrsta árið. Fólkið sem tók þann kost hafði yfirleitt verið lengi samvistum, gjarnan 60–70 ár. Almenn takti ánægja með fyrirkomulagið meðal heimilismanna og stjórnenda á stofnunum. Það var talið bæta líðan hinna öldruðu og efla öryggisfinningu þeirra. Helstu ókostir fyrirkomulagsins voru taldir þeir að dæmi væru um að heilbrigðir einstaklingar teldu sér skylt að fylgja mökum á sjúkrastofnanir þótt þeir hefðu ekki löngun til þess og að það yki álag á stofnanir að makar dveljast þar áfram eftir fráfall þess sem þurfti að dveljast þar af heilsufarsástæðum.²

Að ýmsu er að hyggja áður en hjónum og sambylisfólki verður veittur réttur til sambúðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum héraendis. Því er ætlaður aðlögunartími til 1. janúar 2019, m.a. til að læra af reynslu grannþjóðanna og til að kanna hug eldri borgara til sambúðar á dvalar- og hjúkrunarheimilum þannig að unnt sé að gera áætlanir um nauðsynlegar breytingar á heimilunum og hrinda þeim í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að rekstraraðilar heimilanna geti sótt fjárstyrk í framkvæmdasjóð aldraðra til þeirra breytinga sem þarf að gera, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um málefni aldraðra.

¹ Regeringens proposition 2011/12:147. Rätten att få åldras tillsammans – en fråga om skälighet, värdighet och välbefinnande i äldreomsorgen, bls. 8, 9, 13, 26, 39.

² Äldres rätt att fortsätta bo tillsammans i äldreboende. Uppföljning av en lagändring, 2014. Socialstyrelsen, Stockholm 2014, bls. 9–12, 18–22.